# *Eggert Eggertsson*



Fæddur 29. ágúst 1938

Dáinn 4. nóvember 2022

Útför frá Akureyrarkirkju mánudaginn 14. nóvember kl. 13:00

Jarðsett verður í kirkjugarðinum á Naustahöfða

## *Forspil*

### What a wonderful world

*Louis Armstrong*

## *Signing og bæn*

### Heyr himna smiður

Heyr, himna smiður,
hvers skáldið biður,
komi mjúk til mín
miskunnin þín.
Því heit eg á þig,
þú hefur skaptan mig,
eg er þrællinn þinn,
þú ert Drottinn minn.

Guð, heit eg á þig,
að græðir mig,
minnst, mildingur, mín,
mest þurfum þín.
Ryð þú, röðla gramur,
ríklyndur og framur,
hölds hverri sorg
úr hjartaborg.

Gæt, mildingur, mín,
mest þurfum þín
helst hverja stund
á hölda grund.
Set, meyjar mögur,
máls efni fögur,
öll er hjálp af þér,
í hjarta mér.

*Þorkell Sigurbjörnsson - Kolbeinn Tumason*

# *Ritningarlestur*

## Smávinir fagrir

Smávinir fagrir, foldarskart,
fífill í haga, rauð og blá
brekkusóley, við mættum margt
muna hvort öðru að segja frá.
Faðir og vinur alls sem er,
annastu þennan græna reit.
Blessaðu, faðir blómin hér,
blessaðu þau í hverri sveit.
Vesalings sóley sérðu mig?
Sofðu nú vært og byrgðu þig.
Hægur er dúr á daggarnótt.
Dreymi þig ljósið, sofðu rótt.

*Jón Nordal - Jónas Hallgrímsson*



## *Guðspjall*

## *Minningarorð*

Nessun dorma

*Giacomo Puccini*



# Bæn og Faðir vor

# Einsöngur

O Isis und Osiris

*Mozart*

# Moldun



## Nótt

Nú ríkir kyrrð í djúpum dal,
þótt duni foss í gljúfrasal,
í hreiðrum fuglar hvíla rótt,
þeir hafa boðið góða nótt.

Nú saman leggja blómin blöð,
er breiddu faðm mót sólu glöð,
í brekkum fjalla hvíla hljótt,
þau hafa boðið góða nótt.

Nú hverfur sól við segulskaut
og signir geisli hæð og laut,
er aftanskinið hverfur hljótt,
það hefur boðið góða nótt.

*Árni Thorsteinson*




*Blessun*

*Eftirspil*

My way

*Frank Sinatra*






Prestur: Séra Hildur Eir Bolladóttir
Organisti: Eyþór Ingi Jónsson
Flugelhorn: Sóley Björk Einarsdóttir
Söngur: Karlakvartett
Einsöngur: Haraldur Hauksson
Tónlist af streymisveitu

*Ástvinir þakka auðsýnda samúð og hlýhug.*
*Að lokinni athöfn er kirkjugestum boðið að þiggja veitingar*
*í safnaðarheimili Akureyrarkirkju.*

Útfaraþjónustan

Prentmet Oddi Akureyri